

samsKIP

umhverfisstefna





Samskip

Stefna Samskipa er að vera ávallt í **fararbroddi á sviði umhverfismála**. Við förum að lögum um umhverfisvernd og göngum lengra þar sem það á við.

Við kappkostum að fylgjast með þróun og nýjungum og setjum okkur skýr markmið í umhverfismálum. Við mælum árangur okkar reglulega og **tryggjum þannig stöðugar umbætur og framfarir**.





2018

34,5

CO₂ á tonn/km



2019

37

CO₂ á tonn/km



2020

33,4

CO₂ á tonn/km

Skipaflutningar > áhersla á lífoldsneyti > vetnisskip



2025

23,4

CO₂ á tonn/km

Umhverfið

Skipaflutningar

Markmið: Minnka kolefnisfótspor í flutningum milli Íslands, Færeyja og Evrópu um 30% á fimm árum. Tilkynnt til: FESTA.





2020
92,5
CO₂ á tonn/km

Landsamgöngur > áhersla á þjappað jarðgas/náttúrugas til skemmri tíma > áhersla á vetni til lengri tíma



2025
81,7-86,6
CO₂ á tonn/km

Kolefnisfótspor vöruflutninga innanlands.

Umhverfið

Innanlandsflutningar

Samskip hafa sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka umhverfisáhrif.

Markmið Samskipa í vöruflutningum um þjóðvegi á Íslandi er að draga úr kolefnislosun um 6,0-10,5% fyrir árslok 2025. Hærra markmiðið er háð því að nógu margir vetnisbílar séu til reiðu og að innviðir á Íslandi séu til staðar á síðari hluta tímabilsins. Tilkynnt árlega til: FESTA



Umhverfið

Sorp og úrgangsefni

Samskip leggja áherslu á að flokka, endurvinna og endurnýta úrgangsefni eins og mögulegt er. Við leitum allra leiða til að endurnýta úrgangsefni frá starfsemi félagsins í samvinnu við önnur fyrirtæki.



99% færri plastglös

Góður árangur
hefur náðst í að
draga úr notkun
á plastglösum.



Flokkun á öllum útgangsefnum

Aukin flokkun á
öllum úrgangi á
starfsstöðvum
Samskipa.

Dregið úr matarsóun

Allur matur í
mötuneyti er
vigtaður.



Minni pappírsnotkun

Hætt var að
senda fylgibréf á
pappír.



Umhverfið

Loftslagsmál



Mannauðsmál

Góður starfsandi

Góður starfsandi á vinnustöðvum Samskipa er okkur mikilvægur. Við leggjum áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020-2023

Jafnlaunavottun

Tryggir starfsfólki sem vinnur sömu eða jafn verðmæt störf sömu laun.

Góð samskipti

Skrifað undir sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja

EcoVadis

Samskip gengu til samstarfs við **EcoVadis** árið 2020 og fengu **silfurmedalíu** til marks um góðan árangur í sjálfbærni.

Hvað er EcoVadis?

EcoVadis auðveldar samstarfsaðilum okkar um allan heim að stjórna virðiskeðjunni í báðar áttir, annað hvort með því að deila frammistöðu sinni með hagsmunaaðilum eða að skrá frammistöðu fyrirtækja í sinni eigin virðiskeðju. Tíu þúsundir fyrirtækja eru í samstarfi við EcoVadis til að ná fram sjálfbærni á sameiginlegum grunni og fá aðgang að alþjóðlegu einkunnakerfi, viðmiðum og tækjum til að bæta frammistöðu.



Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Samskip undirrituðu viljayfirlýsing um að taka í notkun
háspennubúnað fyrir flutningaskip.



Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Votlendissjóður

Samskip eru einn af stofnendum Votlendissjóðs sem hefur það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis.

Margir af viðskiptavinum okkar hafa kolefnisjafnað starfsemi sína hjá Votlendissjóði.





Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Samskip eru þátttakandi í **vetnis-
verkefni fyrirtækisins Vetnis ehf.**

Samskip eru þátttakandi í **vetnisverkefni** fyrirtækisins
Vetnis ehf. og eiga hlut í fyrirtækinu.

Vetnis sótti um styrk til Evrópusambandsins til þess að
geta boðið upp á farartæki á sama verði og díselbílar.



Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Útreikningur á kolefnisfótspori

Samskip eru að þróa gagnvirkt kort og útreikninga til að gefa viðskiptavinum upplýsingar um umhverfisvænustu lausnir í flutningum. Samskip reikna út árlegt kolefnisfótspor félagsins og fyrir viðskiptavinum sína.





Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Klappir

Samskip eru í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf.
sem er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu á sviði
hugbúnaðarlausna í loftslags- og umhverfismálum.



Klappir
The smart way to sustainability

Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Sorpflokkunarstöð

Samskip hafa opnað sorpflokkunarstöð sem styður enn frekar við markmið okkar í umhverfismálum.



Við tölum gjarnan um mál sem varða

jörðina okkar, sérstaklega...

lausnir í átt að betri eldsneytisnýtingu, umverfisvænni og hreinni starfsemi.

Skip sem ganga fyrir
náttúrulegu gasi



Sólarorka

Engan útblástur



Minni losun
kolefnis

Lífdísill úr
úrgangsolíu



samsKIP